

FUNDARGERÐ

357. fundur, jafnframt fyrsti fundur nýrrar stjórnar Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni, haldinn 10. mars 2015 kl. 15.00 í fundarsal FEB að Stangarhyl 4.

Mættir voru: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Birna Bjarnadóttir, Brynjólfur Sigurðsson, Ellert B. Schram, Erna Indriðadóttir, Esther Ú. Friðþjófsdóttir og Hrafn Magnússon og Gísli Jafetsson sem ritar fundargerð.

Þetta gerðist:

Formaður setti fundinn. Boðað var til fundarins skv. gr. 7.1 í lögum félagsins. Allir sjö aðalmenn í stjórn mættir.

1. Aðalfundurinn

Á aðalfundinum voru mættir þegar mest var um 175 manns.

Niðurstaða stjórnarkjörs;

Þórunn Sveinbjörnsdóttir sjálfkjörin

Brynjólfur I. Sigurðsson 125 atkv.

Erna Indriðadóttir 113 atkv.

Ellert B. Schram 81 atkv.

Ragnhildur G. Guðmundsdóttir 78 atkv.

Reynir Vilhjálmsson 75 atkv.

Anna Þ. Þorkelsdóttir 75 atkv.

- Þrjú ofangreind eru því í varastjórn. Staðfest röð varamanna í forföllum aðalmanna er Ragnhildur, Reynir og Anna Þ.

Fyrir voru í stjórn kosin 2014 til tveggja ára, Birna Bjarnadóttir, Ester Ú Friðþjófsdóttir og Hrafn Magnússon

Á aðalfundinum var samþykkt tillaga úr sal að félagsgjöld ársins yrðu kr. 4.000 og að innheimt yrði valgreiðsla kr 1.000 meðal félagsmanna vegna afborgunar láns v.

Stangarhyla 4. Útsending vegna innheimtu félagsgjalds er farin út og komin í

heimabanka og greiðsluseðlar komnir til félagsmanna. Góður heimtur eru nú þegar.

Fylgt verður eftir fyrri umræðu við viðskiptabanka FEB um frekari niðurfellingu gjalda vegna innheimtu. Upplýst að framkvæmdastjóri hefur verið boðaður á fund bankans.

Nokkuð rætt um aðalfundinn og umræðu á aðalfundinum og hvernig best sé að leysa þau mál sem nú eru uppi innan félagsins.

Ályktun kjaranefndar - hvernig er best að koma slíku á framfæri svo hægt sé að ná eyrum þeirra ráðmanna sem þarf á hverjum tíma svo vænta megi árangurs fyrir félagsmenn.

2. Stjórnin skiptir með sér verkum

Samþykkt fram komin tillaga um Hrafn Magnússon sem varaformann, Birnu

Bjarnadóttur áfram sem gjaldkera og Ernu Indriðadóttur sem ritara.

Framkvæmdastjóri riti áfram fundargerðir stjórnar.

Samþykkt var tillaga formanns um fund allrar stjórnar um innra starf félagsins verði haldinn um miðjan apríl. Boðað verði til hans sérstaklega.

Tekinn var fyrir liður 4 á dagskránni sem er þá liður 3 og öðrum liðum frestað.

3. Nefndir félagsins sem þurfa að hefja störf nú þegar;

Í lögum FEB 9. gr. Deildir og nefndir. Stjórn FEB er heimilt að skipa nefndir og tilnefna formenn þeirra til að annast tiltekin málefni, ákveða verksvið þeirra og setja þeim starfsreglur. Slíkar nefndir heyra beint undir stjórn félagsins og starfa á ábyrgð hennar

Eftirtalin samþykkt í Bygginganefnd – sjá fyrri fundargerðir;

Gunnar Björnsson, Stefán Benediktsson, Brynjólfur Sigurðsson, Þorbergur

Halldórsson, Steinar Kristbjörnsson, Anna Þrúður Þorkelsdóttir og Hulda Friðriksdóttir.

Rætt um hvort félagið eigi að vera í byggingaframkvæmdum og hvernig hægt sé að uppfylla ákvæði í lögum félagsins varðandi úrbætur í húsnæðismálum eldri borgara.

Varnaðarorð uppi um að ábyrgð vegna byggingaframkvæmda lendi ekki á félaginu.
Ritnefnd;
Haraldur Finnsson, Þóra Kristinsdóttir, Gísli B. Björnsson og Oddný Sv. Björnsdóttir
ritstjóri.

Hagsmunanefnd / Velferðarnefnd- „Sighvatsnefnd“ um málefni aldraðra og
hjúkrunarheimilin;
Sighvatur Björgvinsson, Sveinn Skúlason, Rannveig Guðmundsdóttir, Ólafur
Ólafsson, Bryndís Hagan, Geir Gunnlaugsson, Erna Indriðadóttir og Ársæll Jónsson.

Önnur mál

Rætt um skrif og umfjöllun sem félagið vill koma á framfæri. Hvernig er slíku komið á
framfæri og hvernig nær slíkt eyrum þar til bærra aðila. Aðferðir til að koma kröfum
félagsins á framfæri ræddar og til hvaða ráða skuli grípa hverju sinni.
Fjárhagsstaða félagsins rædd en frekari umræða fer fram á næsta fundi stjórnar.

Næsti fundur stjórnarinnar er settur á miðvikudaginn 18. mars kl. 15.00.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 17.15.